



Kæli- og frystivörutrygging

Skilmáli nr. EL11

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EL11.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Kæli- og frystivörutrygging hentar þeim sem framleiða kæli- eða frystivörur eða selja vörur sem þurfa að vera í kæli eða frysti.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggðar eru vörur í eigu tryggðs sem geymdar eru í frysti- og kæligeyslum og tilgreindar eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi varanna er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun (hér eftir „tryggingarstaður“).

4. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
4.1 Bilun og straumrof.	a) Tjón á tryggðum vörum vegna þess að kælimiðill streymir út og/eða hiti hækkar/lækkar: i. Vegna skyndilegrar og ófyrirsjáanlegrar bilunar kælikerfis. ii. Vegna straumrofs iii. Vegna annarra skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atvika.	b) Tjón á vörum sem voru gallaðar þegar þeim var komið fyrir í geymslu. c) Tjón á vörum í geymslum sem kældar eru með þurrís eða ísmolum. d) Tjón á vörum sem geymdar hafa verið lengur en hæfilegt getur talist miðað við tegund þeirra og eðli né heldur skemmda á þeim sem stafa af of langri geymslu þeirra. e) Tjón vegna rekstrartaps eða annars óbeins tjóns. f) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda kælikerfisins og hafa reglubundið eftirlit og viðhald á því.
- 5.2 Tryggður skal í þeim tilfellum sem hið tryggða er geymt í frystigámum hafa reglulegt eftirlit með gámnum. Rofar og rafmagnskaplar vegna gámsins skulu vera þannig frágengnir að utanaðkomandi aðilar geti ekki rofið straum að gámnum. Loftflæði í gámnum skal vera virkt. Síritaspjald skal vera í gámnum. Tryggður skal sjá til þess að minnsta kosti tveir hitamælur séu í geymslugámi, einn við hvorn enda gámsins.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru til tryggðra með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er fyrir tryggða að vita hverjar þær eru.

6. Háttsemi annarra

- 6.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs



- og einstaklings sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.¹
- 6.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs eða umsjónarmanns einstakra muna, tækja og húseigna sem tryggt lausafé er staðsett í.

7. Breyting á áhættu

- 7.1 Allar breytingar á kæli-, frysti- og lagnakerfum eða á gerð og notkun þess sem tryggða lausafé er geymt í, s.s. á húseign, tanki, gámi eða annarri geymslu, sem haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni, skal tilkynna VÍS tafarlaust. Láti tryggður það hjá líða getur það haft í för með sér að ábyrgð VÍS takmarkist eða falli niður.²

8. Ákvörðun bóta

- 8.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Innkaupsverð og kostnaður miðast við verðlag á tjónsdegi.
- 8.2 Vörur sem tryggður hefur ekki framleitt verðleggjast á innkaupsverði að viðbættum kostnaði við hefðbundinn innkaups- og flutningsmáta.
- 8.3 Vörur í framleiðslu og fullunnar vörur sem tryggður hefur framleitt verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum kostnaði við framleiðsluna.
- 8.4 Ekki greiðast bætur fyrir áætlað söluverð eða missi hagnaðar.
- 8.5 VÍS getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilega vöru og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 8.6 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 8.7 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

9. Framsal

- 9.1 Framsal réttinda samkvæmt tryggingu þessari er háð samþykki VÍS.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

¹ Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

² Sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.